

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sent rafrænt á netfangið: nefndasvid@althingi.is

Egilsstöðum 9. janúar 2014

Efni: Framhaldsumsögn um þingmál nr. 153., Stjórnarfrumvarp v/úthlutun aflahlutdeildar í Rækju.

Vísað er til fyrri umsagnar útgerðanna Sólbergs ehf. og Flóka ehf. við ofangreint þingmál. Í upphaflegri umsögn kom m.a. fram:

Ítrekað er að fram komið frumvarp byggir á rangri forsendu, þ.e. á því að eldri aflahlutdeild frá árinu 2010 feli í sér raunveruleg og virk atvinnuréttindi. Aflahlutdeild í rækju hefur ekki birst í upplýsingum um einstök skip í aflahlutdeildarskrám Fiskistofu, sbr. vefinn www.fiskistofa.is. Á eyðublöðum Fiskistofu um flutning aflahlutdeildar, hefur úthafs-rækjuhlutdeild verið felld út, þar sem lítið hefur verið svo á að hún sé ekki lengur til.

Þessi athugasemd er mikilvæg í ljósi þess að efni lagafrumvarpsins og umsögn Fiskistofu gerir enga fyrirvara um stöðu gömlu aflahlutdeildarinnar í úthafs-rækju. Í raun virðist frumvarpið ganga út frá því sem sjálfssögðum hlut að réttindin séu ennþá til og ekki fallin niður frá 1. september 2010.

Af hálfu umsagnaraðila var í nóvember 2013 óskað eftir upplýsingum hjá Sjávarútvegsráðuneytinu og Fiskistofu um grundvöll þess að gamla aflahlutdeildin í úthafs-rækju væri ennþá skráð. **Svör hafa nýlega borist og því er hér send framhaldsumsögn til nefndarinnar.** Í svörunum fellst að Fiskistofu og ráðuneytinu varð ljóst á árinu 2010 að veruleg óvissa væri um gildi gömlu aflahlutdeildarinnar í úthafs-rækju. Sú óvissa varð til þess að ráðuneytið skoraðist undan því að taka afstöðu til gildi aflahlutdeildarinnar en tók ekki dýpra í árina um gildi hennar en að mæla með því við Fiskistofu að „viðhalda“ eldri skráningu aflahlutdeildar, sbr. bréf ráðuneytisins dags. 4. nóvember 2010. Óvissa er um það hvort lagaheimild sé til skrárhaldsins.

Þá kemur fram í svari Fiskistofu, dags. 16. desember 2013, að Fiskistofa „varðveiti“ upplýsingar um eldri aflahlutdeild, en taki ekki „afstöðu til þess hvaða þýðingu þessi skráning hefur eftir að veiðar voru gefnar frjálssar.“

Eðlilegt er að fylgiskjöl þessarar umsagnar verði lögð fyrir lögfræðinga sem vinna álit á vegum Alþingis um réttarstöðu varðandi hlutdeildarsetningu úthafs-rækju.


Í ljósi upplýsinga um skrárhald Fiskistofu um gömlu hlutdeildina var óskað eftir því við héraðsdóm Reykjavíkur að dómurinn heimilaði flýtimeðferð á dómsmáli sem höfðað yrði af Flóka ehf., í þeim tilgangi að hnekkja skráningu rækjuhlutdeildar á bát félagsins með sem skjótustum hætti. Krafa Flóka

ehf. var að viðurkennt yrði með dómi að Fiskistofu og íslenska ríkinu væri óheimilt að halda skrá um aflahlutdeild í úthafs-rækju sem nær til tímabila eftir 1. september 2010 og hvílir að grunni til á stöðu aflahlutdeildar Heru ÞH 60 í lok fiskveiðiársins 2009/2010. Héraðsdómur hafnaði því að málið yrði rekið sem flýtimeðferðarmál. Sú ákvörðun var kærð til Hæstaréttar, sbr. dóm réttarins í máli nr. 816/2013, sem staðfesti niðurstöðu héraðsdóms. Í athugasemd í rökstuðningi Hæstaréttar kemur fram að Flóki ehf. hafi ekki lögvarða hagsmuni af því að hnekkja skráningarstarfseminni. Sú athugasemd rennir stoðum undir þá þýðingu fyrirvarans sem kemur fram í bréfum Fiskistofu, að skráning gömlu aflahlutdeildarinnar í úthafs-rækju eftir 2010 hafi í raun enga þýðingu samkvæmt gildandi rétti gagnvart einstökum fiskiskipum og útgerðum þeirra.

Að álitum umsagnaraðila felast í afstöðu Fiskistofu og ráðuneytisins og athugasemd Hæstaréttar mikilvægar upplýsingar sem styðja sjónarmið í upphaflegri umsögn Sólbergs ehf. og Flóka ehf. og lögfræðilíti sem henni fylgdi.

Það er grundvallaratriði að löggjöf hvíli á réttum forsendum. Alþingi verður að huga vel að því hvort gamla hlutdeildin í úthafs-rækju sé ennþá til og gild sem atvinnuréttindi í skilningi laga. Ef svo er ekki, þá mun framkomið frumvarp endurvekja á niðurfallin atvinnuréttindi og skerða virk atvinnuréttindi veiðandi rækjuútgerða með margfalt þungbærari hætti en nauðsyn er til.

Virðingarfyllst f.h. Sólbergs ehf. og Flóka ehf,



Jón Jónsson hrl.

Meðfylgjandi: Bréfaskipti Fiskistofu og sjávarútvegsráðuneytis, haustið 2010. Bréf dags. 24. ágúst 2010, 26. október 2010 og 4. nóvember 2010.
Bréf Fiskistofu dags. 16. desember 2013.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
Skúlagötu 4
150 Reykjavík



FISKISTOFA

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	
Skj. n.	32.14
Innk.	30. ÁGÓ. 2010
Abr.	HG
SLR	10080181

Hafnarfjörður, 24.08.2010
Tilv. 0008/2010 - 22.1

Í fréttatilkynningu ráðuneytisins þann 16. júlí s.l. var kynnt sú ákvörðun ráðherra að gert væri ráð fyrir að úthafs-rækjuveiðar verði gefnar frjálssar á fiskveiðiárinu 2010/2011. Með vísan til þess sem og þess að í reglugerð nr. 662/2010, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2010/2011 er ekki gert ráð fyrir að aflamarki í úthafs-rækju verði úthlutað á fiskveiðiárinu 2010/2011, án þess að þar sé að finna ákvæði er leysa úr nokkrum lagalegum álitæfnum sem upp koma í þessu sambandi, óskar Fiskistofa eftir áliti ráðuneytisins á eftirfarandi:

Hvernig skal fara með þær aflahlutdeildir í úthafs-rækju sem bundnar verða við einstök skip í lok fiskveiðiársins 2009/2010. Á Fiskistofa að fella þær niður eða á að viðhalda þeim á sama hátt og öðrum aflahlutdeildum en þó þannig að veiðar á úthafs-rækju verði ókvótabundnar á næsta fiskveiðiári eða um takmarkaðan tíma? Í því sambandi vill Fiskistofa vekja athygli á því að á s.l. fiskveiðiárum hefur ekki verið úthlutað aflamarki í t.a.m. innfjarðarrækju og hörpuðiski á tilteknum svæðum en þó án þess að aflahlutdeildir í þeim tegundum hafi verið felldar niður. Veiðar á þessum tegundum hafa þá reyndar verið óheimilar öllum þar sem engu aflamarki hefur verið úthlutað.

Þá vill Fiskistofa einnig vekja athygli ráðuneytisins á því að framkvæmd og túlkun neðangreindra lagaákvæða hlýtur að ráðast allmikið af því hvort aflahlutdeildir í úthafs-rækju falli niður eða ekki í kjölfar fyrrgreindrar ákvörðunar ráðherra.

Í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, sbr. 2. gr. laga nr. 22/2010, um breytingu á lögum nr. 116/2006, segir: „Heimilt er að flytja allt að 15% af aflamarki hvernar botnfisktegundar og aflamarki úthafs-rækju, humars og síldar, 10 % af aflamarki hörpuðisks og 5% af aflamarki innfjarðarrækju frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Ráðherra getur að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar hækkað fyrrgreint hlutfall aflamarks í einstökum tegundum telji hann slíkt stuðla að betri nýtingu tegundarinnar.“

Fiskistofa óskar eftir áliti ráðuneytisins á því hvort útgerð sem ræður yfir ónýttu aflamarki í úthafs-rækju á fiskveiðiárinu 2009/2010 og hefur á fiskiskipi sínu ónýttan flutningsrétt á aflamarki í úthafs-rækju milli fiskveiðiára á grundvelli framangreinds lagaákvæðis sé heimilt að flytja aflamark í úthafs-rækju yfir á fiskveiðiárið 2010/2011? Niðurstaða varðandi þetta álitæfni hefur m.a. áhrif á framsalsheimildir útgerða í aflamarki.

Í 4. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, segir: „Þá er heimilt að veiða 5% umfram aflamark hvernar botnfisktegundar, síldar, úthafs-rækju og humars og 3% umfram aflamark innfjarðarrækju og hörpuðisks, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.“


Fiskistofa óskar einnig upplýsinga um hvernig fara skuli með tilvik þar sem aðili hefur nýtt sér rétt samkvæmt ákvæðinu til að veiða umfram aflamark sitt í úthafsrækju á fiskveiðiárinu 2009/2010 þegar ekki kemur til úthlutunar aflamarks í úthafsrækju á fiskveiðiárinu 2010/2011. Er slíkum aðila heimilt að flytja neikvæða aflamarksstöðu í úthafsrækju á milli fiskveiðarára? Ef slíkt er ekki heimilt kann að koma til álagningar sérstaks gjalds vegna ólögmeats sjávarafra skv. ákvæðum laga nr. 37/1992.

Í 13. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er að finna ákvæði um hámark á yfirráðum einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða tengdra aðila yfir aflahlutdeildum. Í töflu í 1. mgr. 13. gr. fyrrgreinds lagaákvæðis kemur fram að samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu fyrrgreindra aðila megi aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild í úthafsrækju en sem nemur 20%. Í 3. mgr. sömu lagagreinar segir síðan: „Þá má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum og 5. gr. laga nr. 151/1996 eða meira en 5% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar. Við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sbr. 19. gr., og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.“

Fiskistofa óskar álits ráðuneytisins á hver áhrif tilvitnuð ákvörðun ráðherra varðandi úthafsrækju skuli hafa á túlkun og framkvæmd ofangreindra lagaákvæða. Á t.a.m. að framfylgja ákvæðum 13. og 14. gr. laganna í því tilviki að aflahlutdeild fiskiskipa sama eða tengdra aðila í úthafsrækju fer umfram fyrrgreint lögákvæðið 20% mark? Hvernig ber að endurreikna heildarverðmæti aflahlutdeilda að nýju þar sem ekki er úthlutað aflamarki í úthafsrækju á næsta fiskveiðiári?

Í 6. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er að finna ákvæði er heimilar að tilteknum skilyrðum uppfylltum flutning á aflahlutdeild fiskiskipa að hluta eða öllu leyti til annarra skipa. Fiskistofa óskar álits ráðuneytisins á því hvort heimilt verði að flytja aflahlutdeildir í úthafsrækju á milli fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2010/2011 og ef svo er hvernig meta eigi hvort slíkur flutningur leiði til þess að veiðiheimildir skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess, en við mat þess verður að hafa hliðsjón af því hversu mikið aflamark kemur til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeilda í tiltekinni tegund enda er það aflamark skips sem nýtt er með veiðum þess en ekki sú aflahlutdeild sem við það er bundin.

F. h. Fiskistofu



Gísli Rúnar Gíslason, yfirlögfræðingur.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
Skúlagötu 4
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	
Skj.n.	3.2.19
Innk.	26. OKT. 2010
Ábr.	HRLG Fiskj.
SLR	10 08 0181

Hafnarfjörður, 26.10.2010
Tilv. 0321/2010 - 0.0

Í bréfi Fiskistofu til ráðuneytisins, dags. 24.08.2010, tilv. Fiskistofu 0008/2010 - 22.1, er óskað svara við nokkrum mikilvægum spurningum um álitæfni sem upp hafa komið vegna þeirrar ákvörðunar ráðherra að gefa úthafs-rækjuveiðar frjálssar á fiskveiðiárinu 2010/2011. Fiskistofa telur brýnt að fá svör ráðuneytisins við þessum spurningum og ítrekar erindið með bréfi þessu.

Fiskistofa vill einnig vekja athygli ráðuneytisins á því að álagning veiðigjalds fyrir nýbyrjað fiskveiðiár hefur orðið tilefni skoðanaskipta hvað varðar úthafs-rækjuna. Þar sem aflamarki í úthafs-rækju var ekki úthlutað fyrir þetta fiskveiðiár, gat það ekki orðið grundvöllur álagningar veiðigjaldsins, sem lög gera ráð fyrir að greitt sé fyrirfram. Fiskistofa átti því ekki annarra úrkosta en að miða gjaldið við landaðan afla úthafs-rækju á tímabilinu 1.8.2009 til 31.07.2010 og er það í samræmi við túlkun Fiskistofu á V. kafla laga nr. 116/2006 og framkvæmd álagningar veiðigjalds frá upphafi. Þetta þýðir að þeir einir sem lönduðu úthafs-rækjuafli á ofangreindu tímabili fengu lagt á sig veiðigjald á nýbyrjuðu fiskveiðiári. Veiðarnar eru nú frjálssar og fyrir liggur að ýmsir, sem ekki hafa áður stundað úthafs-rækjuveiðar, munu landa úthafs-rækju á þessu fiskveiðiári. Sú staða mun mjög líklega koma upp að einhverjir þessara aðila muni að óbreyttu ekki greiða neitt veiðigjald. Fiskistofa tekur undir með þeim sem telja það óviðunandi niðurstöðu og leggur til að ráðherra beiti heimild 20. gr. laga nr. 116/2006 til að mæla nánar fyrir um útreikning, álagningu og innheimtu veiðigjalds með því að breyta Auglýsingu nr. 591, 15. júlí 2010. Gæti 1. grein auglýsingarinnar orðast svo (breytingartillaga feitletruð):

1. gr.

Fiskistofa leggur á veiðigjald. Á fiskveiðiárinu 1. september 2010 til 31. ágúst 2011 skulu eigendur skipa greiða kr. 6,44 fyrir hvert þorskiöldiskilógramm úthlutaðra veiðiheimilda eða landaðs afli einstakra tegunda. Veiðigjald þessa fiskveiðiárs vegna veiða á úthafs-rækju skal leggja á landaðan afla frá 1. september 2010 til 31. ágúst 2011 með gjalddaga 1. október 2011. Áður ákveðin álagning vegna úthafs-rækju með gjalddögum 1. október 2010, 1. janúar og 1. maí 2011 er felld úr gildi og þegar greitt gjald með gjalddaga 1. október 2010 er afturkræft.

Önmur ákvæði auglýsingarinnar verði óbreytt.

F. h. Fiskistofu

Eypór Björnsson
Eypór Björnsson,



Fiskistofa
Gísli Rúnar Gíslason
Dalshrauni 1
220 Hafnarfjörður

SJÁVARÚTVEGS- OG
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 8300 bréfastmi: 552 1160
postur@slr.stjr.is www.stjr.is/slr

Reykjavík 4. nóvember 2010
Tilv.: SLR10080181/3.2.14

Ráðuneytinu hefur borist bréf Fiskistofu dags. 24. ágúst 2010 þar sem óskað er eftir álitum ráðuneytisins á nokkrum álitaeftum sem snúa að meðferð aflaheimilda aflahlutdeildarhafa í úthafsþækju í kjölfar ákvörðunar ráðherra um að takmarka ekki leyfilegan heildarafli tegundarinnar.

Í bréfi Fiskistofu segir m.a.: „Hvernig skal fara með þær aflahlutdeildir í úthafsþækju sem bundnar verða við einstök skip í lok fiskveiðiársins 2009/2010. Á Fiskistofa að fella þær niður eða á að viðhalda þeim á sama hátt og öðrum aflahlutdeildum en þó þannig að veiðar á úthafsþækju verði ókvótubundnar á næsta fiskveiðiarí eða um takmarkaðan tíma? Í því sambandi vill Fiskistofa vekja athygli á því að á s.l. fiskveiðiarím hefur ekki verið úthlutað aflamarki í t.a.m. innfjarðarþækju og hörþudiski á tilteknum svæðum en þó án þess að aflahlutdeildir í þeim tegundum hafi verið felldar niður. Veiðar á þessum tegundum hafa þá reyndar verið óheimilar öllum þar sem engu aflamarki hefur verið úthlutað.“

Með vísan til þess sem fram kemur í bréfi Fiskistofu mælir ráðuneytið með því að aflahlutdeildum í úthafsþækju verði viðhaldið þannig að staðan eins og hún var um fiskveiðiarámótin 2009/2010 og 2010/2011 liggi fyrir. Veiðar á úthafsþækju eru í dag án takmarkana og því var ekki úthlutað aflamarki í tegundinni. Ráðuneytið telur því að ekki beri að taka tillit til umræddra heimilda þegar verið er að túlka eða taka afstöðu til atriða er lúta að aflamarki við framkvæmd laga nr. 116/2006, um stjórni fiskveiða, með síðari breytingum.


Í þeim tilvikum sem aðili hefur nýtt sér rétt samkvæmt ákvæði 4. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, með síðari breytingum, til að veiða umfram aflamark sitt í úthafsþækju á fiskveiðiaríinu 2009/2010 hefur aðili nýtt lögbundna heimild sína og telur ráðuneytið að því sé ekki um að ræða ólögmetan afla í skilningi ákvæða laga nr. 37/1992.

Þá telur ráðuneytið rétt að halda aflahlutdeild í úthafsþækju utan við útreikninga á samanlagðri aflahlutdeild fiskiskipa, sbr. 13. og 14. gr. laga nr. 116/2006, enda ekki um sérstakar heimildir að ræða þegar veiðar á úthafsþækju eru öllum frjálssar.

Ráðuneytið telur ekki tilefni til þess, að svo stöddu, að taka afstöðu til álitafna er lúta að framsali á aflahlutdeild, sbr. 6. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006, með síðari breytingum.

Fyrir hönd ráðherra


Hrefna Gísladóttir


Jóhann Guðmundsson

Sókn Lögmannsstofa
Jón Jónsson hrl.
Kaupvangur 2
700 Egilsstaðir



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði

S: 569 7900 F: 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 16.12.2013

Tilv. 0328/2013 - 3.1. 2

Efni: Svar við erindi varðandi úthafsrækju

Vísað er til bréfa yðar, dags. 12. og 25. nóvember sl. Í bréfunum er óskað eftir því að ráðuneyti og Fiskistofa staðfesti að aflahlutdeild úthafsrækju á einstök skip fyrir fiskveiðiárið 2012/2013 verði afskráð. Í bréfunum er vísað til frumvarps til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (153. mál) og sagt að þar komi fram að eldri aflahlutdeild í úthafsrækju sé skráð, þrátt fyrir að stjórn rækjuveiða hafi verið færð frá 2. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða í frjálssar veiðar skv. 1. mgr. 8. gr. laganna.

Sjávarútvegsráðherra tók þá ákvörðun fyrir upphaf fiskveiðiársins 2010/2011 að veiðar á úthafsrækju skyldu vera frjálssar og hefur frá þeim tíma ekki verið gefið út aflamark í tegundinni. Fiskistofa hefur haldið utan um upplýsingar varðandi hlutdeildir sem til staðar voru á þeim tíma sem veiðar voru gefnar frjálssar, enda mælti Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið með því að það yrði gert, í bréfi, dags. 4. nóvember 2010. Fiskistofa hefur ennfremur heimilað flutning aflahlutdeilda í úthafsrækju með þeim fyrirvara að í því felist engin viðurkenning eða staðfesting af hálfu Fiskistofu er lýtur að umræddum réttindum. Fiskistofa mun áfram varðveita þessar upplýsingar, en tekur ekki afstöðu til þess hvaða þýðingu þessi skráning hefur eftir að veiðar voru gefnar frjálssar

F. h. Fiskistofu

Sigurjón Ingvason
Sviðsstjóri lögfræðisviðs